

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Siglufirði



<b>Dags eftirlits</b>	12.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	504438,502	628597,321

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engar aðrar athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Siglufirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ekki er gerð athugasemd við skráningar og mælingar í stöðinni.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Fjórir geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Lagnir voru síðast þrýstiprófaðar á árinu 2008 og hafa nú verið blindaðar. Blindunarskýrsla þar að lútandi liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var skoðað en það er farið að láta á sjá, en uppfylltir kröfur. Girðingar og hlið voru í lagi.

### Frávik frá

ákvæði 2.4 í starfsleyfi - frárennsli

### Lýsing á fráviki

Loki í frárennsli mengunarvarnarþróar stóð opinn þegar komið var í eftirlit.

Krafa í starfsleyfi er um að frárennislagnir við þrær skuli vera með lokum innan þróar sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum, eða búnar sjálfvirkum lokum fyrir olíu.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar.

Reykjavík, 25.08.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.